

Fimmtudaginn 10. apríl 1986.

Nr. 122/1986. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ásbirni Andrasyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 3. þ.m., er barst Hæstarétti 7. þ.m. og krafist þess aðallega að úrskurðurinn verði felldur úr gildi en til vara að gæsluvarðhaldsvist verði stytta. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. apríl 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 2. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að Ásbirni Andrasyni, fæddum 4.12. 1962, sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald þann 21.03. sl. og rennur út í dag kl. 17:00, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. maí nk., vegna gruns um brot gegn 2. mgr. 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Málavextir:

RLR rannsakar nú innbrot víða á höfuðborgarsvæðinu og á Suðvesturlandi nú undanfarið. Veruleg verðmæti hafa horfið úr innbrotunum, rúmlega 1.000.000,00 króna, auk verulegra skemmda sem unnar hafa verið. Kærði hefur viðurkennt að hafa í félagi við kunningja sína brotist inn á verkstæði og verkfæraverslanir þar sem þeir hafi stolið verkfærum til að

opna peningaskápa á bensínstöðvum. Síðan hafi hann ásamt vinkonum sínum brotist inn í hús ýmissa fyrirtækja og stolið m.a. ávísanaheftum og gefið út falsaðar ávísanir og selt.

Verulegt misræmi er milli fjárhæðar þeirra er kærði kveður hafa komið í sinn hlut úr innbrotunum og verðmætis þess sem horfið hefur af þeim stöðum sem brotist var inn á.

Kærði losnaði úr afplánun 30.12. sl. og hefur enga vinnu stundað en m.a. aflað sér fjár með auðgunarbrotum. Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann 6 sinnum verið sakfelldur fyrir þjófnað á árunum 1983-1985. Kærði hefur verið dæmdur samtals í 24 mánaða fangelsi fyrir refsilagabrot. Hjá ríkissaksóknara eru til meðferðar kærúmál á hendur kærða vegna fíkniefnamisferlis, ölvunaraksturs og hraðaaksturs. Kærði var dæmdur í 20 daga fangelsi fyrir nytjastuld og ölvunarakstur með dómi sakadóms Kópavogs þann 25. mars sl.

Brot þau er kærði er grunaður um geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsókn máls þessa er hvergi nærri lokið og með vísan til sakaferils kærða þykir rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. maí nk. kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ásbjörn Andrason, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. maí 1986 kl. 17:00.